

Fimmtudaginn 13. mars 1997.

Nr. 473/1996.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Hallbirni Einari Guðjónssyni

(Sigurður Georgsson hrl.)

Þjófnaður. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut til Hæstaréttar máli nr. 473/1996 með stefnu 23. desember 1996 og máli nr. 35/1997 17. janúar 1997 í samræmi við yfirlýsingar ákærða um áfrýjun til endurskoðunar og mildunar refsingar. Málin voru sameinuð við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti og flutt í einu lagi. Einnig er áfrýjað af hálfu ákærvalds til staðfestingar á hinum áfrýjuðu refsíákvörðunum.

Ákærði krefst þess, að refsivist, sem dæmd var í héraði, verði styttn verulega.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður að líta til ákvæða 72. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að þessu virtu og með skírskotun til forsendna hinna áfrýjuðu dóma þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í níu mánuði. Staðfesta ber ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað. Einnig ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hallbjörn Einar Guðjónsson, sæti fangelsi í níu mánuði. Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, samtals 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. nóvember 1996.

Ár 1996, fimmtudaginn 28. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 919/1996: Ákærvaldið gegn Hallbirni Einari Guðjónssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 19. þ. m., á hendur ákærða, Hallbirni Einari Guðjónssyni, Grensásvegi 14 í Reykjavík, kennitala 191156-2189.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir eftirgreinda þjófnaði, framda í Reykjavík árið 1996:

I.

Fyrir að hafa þriðjudaginn 18. júní stolið seðlaveski úr yfirhöfn á veitingastaðnum Torfunni við Lækjargötu, en í veskinu voru meðal annars 3.000 krónur.

II.

Miðvikudaginn 25. september stolið tveimur bjórkössum, að verðmæti 6.160 kr., á veitingastaðnum Casablanca, Lækjargötu 4.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa framið þá tvo þjófnaði, sem honum eru gefnir að sök í ákæru, en hann mótmælir því, að í veskinu hafi verið 3.000 krónur í peningum. Hann kveðst hafa sett veskið í póstkassa skammt frá pósthúsinu við Pósthússtræti, en það mun ekki hafa komist til skila. Þá stendur ákærði í þeirri trú, að flöskurnar í öðrum bjórkassanum hafi brotnað, þótt þess sé ekki getið í gögnum málsins. Ákærði var stöðvaður af tveimur mönnum á leið sinni með bjórinn út úr húsinu á 1. hæð þess, og komst hann til skila.

Málið sætti aðalmeðferð vegna neitunar ákærða, að 3.000 krónur hefðu verið í veskinu.

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur framið þá tvo þjófnaði, sem honum eru gefnir að sök í ákæru, með þeirri athugasemd, að gegn eindreginni neitun hans er ósannað, að 3.000 krónur hafi verið í veskinu. Eru brot ákærða rétt færð til refsíákvæðis í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða á hann langan brotaferil að baki. Frá árinu 1977 hefur hann hlotið 28 dóma, síðast 21. júlí 1994, og nemur dæmd refsivist samtals fangelsi í tíu ár og þrjá mánuði. Er hér einkum um að ræða skjalafals, þjófnaði og fjársvik auk umferðarlagabrota.

Ákærða verður ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. almennra heg-

ingarlaga og sakaferli hans. Pykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með taldar 25.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 25.000 krónur í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmans.

Einar Baldvin Stefánsson deildarlögfræðingur flutti málið af hálfu ákæruvalds.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hallbjörn Einar Guðjónsson, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 25.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 25.000 krónur í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmans.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 17. janúar 1997.

Ár 1997, föstudaginn 17. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 5/1997: Ákæruvaldið gegn Hallbirni Einari Guðjónssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 7. janúar sl., á hendur ákærða, Hallbirni Einari Guðjónssyni, Grensásvegi 14, Reykjavík, fæddum 19. nóvember 1956, fæðingarnúmer 218, „fyrir þjófnað með því að hafa föstudaginn 22. nóvember 1996 brotist inn í íbúð á þriðju hæð að Laugavegi 36, Reykjavík, og stolið þaðan 4.000 þýskum mörkum, 50 dollurum og 5.000 íslenskum kr.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Þá krefst Ursula Englert, kt. 240367-2389, Laugavegi 36, Reykjavík, skaðabóta, að fjárhæð 164.812 kr., ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 22. 11. 1996, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna til greiðsludags“.

Málavextir.

Ákærði hefur skýlaust játað það atferli, sem hann er ákærður fyrir. Hefur hann brotið það lagaákvæði, sem tilfært er í ákæru.

Ákærði á að baki gríðarlegan sakaferil. Frá árinu 1973 hefur hann hlotið 32 refsídóma og auk þess verið sektaður nokkrum sinnum. Síðast var ákærði dæmdur 28. nóvember sl. í fjögurra mánaða fangelsi. Refsing ákærða verður hegningarauki við þann dóm. Að öðru leyti verður að líta til

þess, að ákærði braust inn á einkaheimili og stal þar talsverðum verðmætum, og þess, að hann hafði ekki brotið af sér, frá því að hann var dæmdur í júlí 1994, þar til hann hóf að brjóta af sér í júní í sumar. Þykir refsingin vera hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði.

Dæma ber ákærða til þess að greiða Ursulu Englert, kt. 240367-2389, 164.812 krónur ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 með áorðnum breytingum frá 22. nóvember 1996 að telja til dómsuppsögu, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talda þóknun verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hallbjörn E. Guðjónsson, sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákærði greiði Ursulu Englert, kt. 240367-2389, 164.812 krónur ásamt almennum vöxtum frá 22. nóvember 1996 að telja til dómsuppsögu, en síðan dráttarvöxtum til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talda þóknun verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.
